

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 132/2019

frá 8. maí 2019

um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2042 frá 18. desember 2018 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/1152 til að tilgreina nákvæmlega prófunarskilyrði við prófunaraðferð fyrir létt ökutæki sem samræmd er á heimsvísu (WLTP) og kveða á um vöktun gagna um gerðarviðurkenningu ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2043 frá 18. desember 2018 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/1153 til að tilgreina nákvæmlega prófunarskilyrði við prófunaraðferð fyrir létt ökutæki sem samræmd er á heimsvísu (WLTP) og kveða á um vöktun gagna um gerðarviðurkenningu ⁽²⁾.
- 3) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Viðauka XX. við EES-samninginn verður breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi er bætt við lið 21aey (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1152):

„, breytt með:

- **32018 R 2042:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2042 frá 18. desember 2018 (Stjtið. ESB L 327, 21.12.2018, bls. 53).“

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 21aey (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2017/1153):

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 327, 21.12.2018, bls. 53.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 327, 21.12.2018, bls. 58.

„- **32018 R 2043**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2043 frá 18. desember 2018 (Stjtið. ESB L 327, 21.12.2018, bls. 58).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) nr. 2018/2042 og (ESB) nr. 2018/2043, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. júní 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. maí 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.